

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Kristín Sigurðardóttir.

1. gr.

Síðasti másl. 10. gr. laganna orðist svo:

Frádráttarbær kostnaður við heimilisstjórn má þó ekki fara fram úr 25000 kr. Er upphæð þessi miðuð við meðalvísitölu ársins 1952 og skal breytast í réttu hlutfalli við breytingar, sem verða á meðalvísitölunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frv. þessu felst það, að hámark ráðskonufrádráttar, sem heimilaður er í gildandi lögum, er hækkað úr lögleyfðum persónufrádrætti, sem nú er um 3700 kr., í 25000 kr.

Í gildandi skattalögum er gert ráð fyrir því, að skattgreiðandi, sem þarf að greiða kostnað við heimilisstjórn, t. d. vegna þess að eiginkona hans vinnur utan heimilis eða hann hefur börn eða foreldra á framfæri, ef hann er ókvæntur, megi draga frá tekjum sínum svonefndan ráðskonufrádrátt, sem þó má aldrei vera hærri en persónufrádráttur.

Flm. þessa frv. hafa á þskj. 110 flutt frv. um, að allar konur skuli verða sjálfstæðir skattþegar. Er þar gert ráð fyrir því, að giftri konu, sem vinnur á heimili, sé reiknaður hluti af tekjum manns síns, allt að 25000 kr., auk þess sem hún greiði skatt af þeim tekjum, sem hún aflar sér sjálf. Ef frv. þetta næði fram að ganga, væri komið í veg fyrir það ranglæti, sem nú hlýzt af þeirri reglu, að tekjur hjóna eru skattlagðar saman, og mundi þá skattgreiðsla hjóna minnka verulega frá því, sem nú á sér stað.

Nú er hins vegar ekki nóg að forða hjónum frá ranglæti samsköttunarreglunnar. Það verður og að koma í einn stað niður, hvort kona óskar að vinna á heimili eða hún vill fremur vinna utan heimilis og kaupa vinnu við heimilisstjórn, þ. e. ráða ráðskonu. Reglur þær, sem nú gilda, eru við það miðaðar, að enginn skattgreiðandi fái hærri frádrátt vegna heimilisstjórnar en kvæntur maður fær sem persónufrádrátt vegna konu sinnar. Ef tekið væri hins vegar að reikna giftri konu hluta af tekjum manns síns auk sértekna hennar, er eðlilegt að leyfa hærri ráðskonufrádrátt. Hann mundi að visu hækka sjálfkrafa með hækkuðum persónufrádrætti, en frv. um hækkun persónufrádráttar liggur nú fyrir Alþingi, á þskj. 39. Slík hækkun væri þó ekki nægileg. Eðlilegt væri, að annað hvort hjóna mætti draga greitt ráðskonukaup frá tekjum sínum, en þó ekki hærri upphæð en nemur þeim hluta af sameiginlegum tekjum hjóna, sem eiginkonunni eru reiknaðar.

Nauðsyn þessa má skýra með dæmi: Kvæntur maður, A, hefur 30000 kr. árslaun. Ef tekjum væri skipt milli hjónanna, væru hvoru þeirra reiknaðar 15000 kr. tekjur. Annar kvæntur maður, B, hefur 30000 kr. árstekjur. Kona hans vinnur utan heimilis fyrir 15000 kr. tekjum, en þau hafa ráðskonu og greiða henni 15000 kr. kaup. Raunveruleg afkoma beggja hjónanna er því hin sama. Samkvæmt núgildandi reglum greiddi A skatt af 30000 kr., en B af 45000 kr. að frádregnum ráðskonufrádrætti, um 3700 kr. Ef eiginkonan yrði sjálfstæður skattborgari í skilningi frv. á þskj. 110, greiddu A og kona hans hvort um sig skatt af 15000 kr. B greiddi hins vegar skatt af 30000 kr. að frádregnum ráðskonufrádrættinum (nú 3700 kr.), en kona hans af 15000 kr. B greiddi því hærri skatt af sömu raunverulegum tekjum, vegna þess að greitt ráðskonukaup nemur 15000 kr., en honum er aðeins heimilt að draga persónufrádrátt einstaklings (3700 kr.) frá tekjum sínum vegna heimilisstjórnarinnar. Ef honum væri heimilt að draga allt greidda ráðskonukaupið frá tekjum sínum, yrði skattgreiðsla hans hin sama og A, og er það eðlilegt.

Hámark það, sem hinum frádráttarbæra heimiliskostnaði er sett (25000 kr.), er í samræmi við hámarkið, sem ákveðið er á hlutdeild eiginkonu í sameiginlegum tekjum hjóna í frv. á þskj. 110. Ef slíkt hámark væri ekki á frádráttarbæru ráðskonukaupi, gæti sá, sem hefur ráðskonu á heimili sínu, orðið betur settur en hjón, þar sem konan vinnur heimilisstörfum.

Mjög eðlilegt er, að þetta frv. yrði samþykkt, ef frv. á þskj. 110 næði fram að ganga, þar eð í því felst enn frekari leiðrétting á göllum gildandi skattalaga, að því er snertir greiðslu skatts af tekjum hjóna. Frv. á þskj. 110 mætti þó samþykkja, án þess að leiðrétting sú, sem í þessu frv. felst, næði fram að ganga samtímis, einkum þó, ef persónufrádráttur yrði hækkaður verulega, þótt ekki væri að visu að slíku full bót. Hins vegar hefur ekki þýðingu að samþykkja þetta frv. eitt, þar eð það mundi ívilna óeðlilega þeim, sem hafa ráðskonu, miðað við þau heimili, þar sem eiginkonan vinnur að heimilisstörfum.